

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 156/2014

2015/EES/5/04

frá 9. júlí 2014

um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/280/ESB frá 11. júní 2013 um hæfi lögbærra yfirvalda í Bandaríkjunum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/281/ESB frá 11. júní 2013 um jafngildi opinberra eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfa fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrtæki í Bandaríkjunum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB ⁽²⁾.
- 3) XXII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 10fd (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/30/ESB) í XXII. viðauka við EES-samninginn:

„10fe. **32013 D 0280**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/280/ESB frá 11. júní 2013 um hæfi lögbærra yfirvalda í Bandaríkjunum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB (Stjtið. ESB L 161, 13.6.2013, bls. 4).

10ff. **32013 D 0281**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/281/ESB frá 11. júní 2013 um jafngildi opinberra eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfa fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrtæki í Bandaríkjunum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB (Stjtið. ESB L 161, 13.6.2013, bls. 8).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvarðana 2013/280/ESB og 2013/281/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. júlí 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. júlí 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 161, 13.6.2013, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 161, 13.6.2013, bls. 8.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Yfirlýsing EFTA-ríkjanna**vegna ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 156/2014 frá 11. júlí 2014
um að fella framkvæmdarákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar 2013/280/ESB og
2013/281/ESB inn í EES-samninginn**

„Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/280/ESB frá 11. júní 2013 um hæfi lögbærra yfirvalda í Bandaríkjunum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/281/ESB frá 11. júní 2013 um jafngildi opinberra eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfa fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki í Bandaríkjunum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB fjalla um jafngildi gagnvart þriðju löndum. Ákvarðanir þessar eru felldar inn í EES-samninginn með fyrirvara um gildissvið samningsins.“